




Myndir


Holdastig 1,0




Holdastig 2,0



Holdastig 3,0



Holdastig 4,0



Holdastig 5,0

Stutt lýsing**Grindhoraður
Holdastig 1****Horaður
Holdastig 1,5****Verulega aflagður
Holdastig 2,0****Fullþunnur
Holdastig 2,5****Reiðhestshold
Holdastig 3,0****Ríflægur
Holdastig 3,5****Feitur
Holdastig 4,0****Mjög feitur
Holdastig 4,5****Afmyndaður
Holdastig 5,0****Lengri lýsing**

Öll rifbein sjást, skinnið er strengt á beinin og hvergi fitu að finna. Mikið gengið á vöðva, makki fallinn, herðar og hryggsúla standa mikið upp úr, lend holdlaus. Hesturinn hengir haus og sýnir lítil viðbrögð við ytra áreiti. Mjög alvarleg vanfóðrun sem varðar við lög um búfjárhald 103/2002 og ber tafarlaust að tilkynna viðkomandi héraðsdýralækni.

Flest rifbein sjást. Fastur átöku. Verulega tekið úr hálsi, baki og lend. Hárafar er gróft, strítt og matt. Mjög alvarleg vanfóðrun sem varðar við lög um búfjárhald nr. 38/2013 og ber tafarlaust að tilkynna viðkomandi héraðsdýralækni.

Flest rifbein finnast greinilega og öftustu sjást. Örlítill fita undir húð yfir fremri rifbeinum. Vöðvar teknir að rýrna, tekið úr makka og lend, hálsinn þunnur. Hryggsúla og herðar sjást vel. Hárafar matt og hrossið vansælt. Vanfóðrun sem ber að taka til sérstakrar aðhlyningar.

Yfir tveimur til fjórum öftustu rifbeinum er mjög lítil fita, sem gjarnan er föst átöku, nema hrossið sé í bata. Vöðvar í lend, baki og hálsi ekki nægjanlega fylltir. Hrossið í tæpum reiðhestsholdum og þarf að bæta á sig.

Tvö til fjögur öftustu rifbein finnast greinilega við þreifingu en sjást ekki. Yfir þeim er þunnt og laust fitulag (ca 1 cm). Lendin er ávöl og hæfilega fyllt. Bakið fyllt og jafnt hryggsúlu. Hárafar slétt og jafnt.

Yfir tveimur til fjórum öftustu rifbeinum er gott og laust fitulag. Öftustu rifbein má samt greina. Lend, bak og háls eru fallega vöðvafyllt og fitusöfnun má oft merkja t.d. fyrir aftan herðar. Hrossið er í ríflægum reiðhestsholdum og hefur nokkurn forða til að taka af.

Þykk fita á síðu, rifbein verða ekki greind. Bak mjög fyllt og hryggsúlan oft örlítið sokkin í hold.

Greinileg fitusöfnun á hálsi, aftan við herðar og á lend.

Rifbein finnast alls ekki, fitan mjög þétt átöku. Laut eftir baki og mikil dæld í lend. Keppir og hnyklar af fitu, á síðu, hálsi og lend. Óæskilegt, getur haft neikvæð áhrif á heilsufar.